

L Ö G

um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 34 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, hef látið færa téð lög ásamt öðrum breytingum, sem gerðar hafa verið á lögum nr. 106 23. júní 1936, síðan þau voru sett, inn í meginmál þeirra laga og gef þau hér með út með áorðnum breytingum sem lög um útsvör:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn hefur rekið eða stundað atvinnu án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili hefur orðið útsvarsskyldur vegna dvalar án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvara fer fram.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurbjörgunarnefnd: Niðurbjörgunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd í sveitum, nema sérstaklega sé öðruvísi um mælt.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næsta á undan niðurbjörgun.

2. gr.

Reikningsár sveita er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu bæjarstjórnir gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðar næsta reikningsár. Ræða skal áætlun á tveim fundum með að minnsta kosti viku millibili. Við síðari umræðu skal athuga áætlun lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði bæði um hverja grein fyrir sig og áætlun í heild sinni. Áætlun skal liggja til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentugum stað, er bæjarstjórn tiltekur.

Í hreppum skal hreppsnefnd semja áætlun fyrir yfirstandandi ár áður en niðurbjörgun útsvara hefst.

Áætlun samkvæmt 1. og 2. málsg. skal síðan vera regla um upphæð gjalda í sveitinni og fjárfstjórn hennar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti, sem aðrar tekjur sveitar hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5%—10%, og heitir gjald það útsvar. Það má ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í i sveitinni 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi, nema sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en atvinnumálaráðherra bæjarstjórnnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt á gjaldárinu, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn, að fengnu samþykki áðurnefndra

stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess er á vantar, þannig **66**
að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðs- 12. apríl
hlutfalli.

II. KAFLI

Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þá til greina taka:

1. Eignir aðilja, hverjar þær eru og hversu verðmætar, hversu miklar skuldir hvíla á aðilja og hversu miklar eignir hann á afgangi skuldum. Ef eigi er lagt sérstakt útsvar á konu manns, þá skal með sama hætti athuga eignir hennar og skuldir, þegar lagt er á hann.
2. Tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B. 1—2) á tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu, nema á þá verði lagt útsvar á næsta ári eftir almennum reglum. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.
3. Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefur orðið fyrir, svo sem slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó, veðri eða vötum, sérstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, tap á ábyrgðum og sérhvað annað, er telja má máli skipta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvari hans eða lækkunar.

5. gr.

Ef gjaldþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur eða veitir ekki að öðru leyti þá fræðslu um hagi sína, er niðurjöfnunarnefnd krefur hann, þá skal hún áætla honum riflegar eignir og tekjur, svo að áreiðanlegt megi telja, að hann vinni ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndinni.

6. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðiljar heimilisfastir á Íslandi:

- I. Allir einstaklingar, karlmenn sem konur, ungir sem gamlir, í hverri stöðu sem þeir eru, svo framarlega sem þeir verða taldir færir um að greiða að minnsta kosti 5 króna útsvar. Enginn verður útsvarsskyldur eftir þessum lið (I.), nema hann hafi á útsvarsárinu haft hér á landi heimilisfang að minnsta kosti 3 mánuði.

Undanþegnir eru útsvari:

 - a. Fyrirsvarsmenn annarra ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, sem er annarra ríkja þegnar.
 - b. Sendimenn íslenska ríkisins, sem erlendis dveljast meira en 9 mánuði á útsvarsárinu, enda þótt þeir teljist að lögum heimilisfastir á Íslandi.
 - c. Konur, sem giftar eru þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:
 1. Ef hún hefur séreign eða hjúskapareign, er gefa arð svo að um muni.
 2. Ef hún hefur atvinnu.
 3. Ef hún hefur slitið samvistir við bónda sinn.
- II. Félög. Þar til teljast:
 1. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð og félög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem

66

12. apríl

hlutafélög og gagnkvæm ábyrgðarfélög. Þegar útsvar hefur verið lagt á félag, má ekki leggja útsvar á félagsmann þess vegna eignar hans í félaginu og tekna.

2. Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanevnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín með utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar áætlar skattanevnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.

Úrskurði skattanevndar má skjóta til yfirskattanevndar og ríkisskattanevndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kæru yfir aukaútsvari því, sem niðurrjöfnunarnevnd hefur lagt á arð af þessum viðskiptum.

Undanþegin útsvari eru:

- a. Félög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum.
- b. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmalafélög, trúbragðafélög o. s. frv.
- c. Félög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþykktum sínum.

III. Sjóðir og stofnanir.

Undanþegnir eru þó útsvarsskyldu:

- a. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem ræktunarsjóður, söfnunarsjóður, Thorkillisjóður, o. s. frv. Um útsvör annarra ríkisstofnana fer eftir lögum nr. 47 4. júní 1924.
- b. Sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.
- c. Sjóðir og stofnanir, sem verja tekjum sínum samkvæmt skipulagsskrá sinni beinlínis til almenningsheilla, þar með taldar bústofnslánadeildir.
- d. Landsbanki Íslands og útibú hans.
- e. Sparisjóðir.

IV. Bú, er skiptameðferð sæta og tekjur hafa.

B. Aðiljar heimilisfastir erlendis:

1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu sjómenn á skipi, skrásettu hér á landi eða gerðu út héðan 3 mánuði á gjaldárinu eða lengur, eða hafa stundað hér atvinnu eða dvalizt hér ekki skemmri tíma.
2. Þeir, er reka hér atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verzlun, sjávarútveg, fiskverkun, eða hafa hér laxveiði til atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð, eigi hér eignir, er arð gefa, o. s. frv.
3. Erlend tryggingarfélag.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að undanþiggja útsvari björgunarstarfsemi á sjó, er einstaklingar eða félög reka.

7. gr.

Nú hefur aðili dvalizt hér svo lengi, að hann verður útsvarsskyldur (6. gr. A. I. niðurl. og B. 1), og skal þá leggja á hann útsvar hlutfallslega eftir dvalartíma hans. Ef aðili stundar hér atvinnu (6. gr. B. 1) eða rekur hér atvinnu eða á hér eignir (6. gr. B. 2), þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hér á landi á gjaldárinu, og eignir hans hér og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfélaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hér á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þessa árs af tryggingum, er þeir hafa tekizt á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hér.

III. KAFLI

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

66

12. apríl

8. gr.

Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú á aðili hvergi heimilisfang, og skal þá leggja á hann þar, sem hann dvelst, þegar niðurjöfnun fer fram. Nú er heimilislaus maður skráður á skip, sem hér á heimili eða héðan er gert út, og skal þá leggja útsvar á hann í heimilissveit skipseiganda, ef hann gerir skip út, en ella í heimilissveit útgerðarmanns, ef innlendur er, en annars í útgerðarstað skips hér á landi.

Leggja skal samkvæmt 1. málsg. á allar eignir manns og tekjur á útsvarsárinu, hvar sem þeirra er aflað; þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

- a. Ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, viðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
- b. Ef hann hefur leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð, þar með talin laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
- c. Ef hann er erlendis búsettur og rekur atvinnu hér á landi á einum stað eða fleirum, eða stundar hér atvinnu eða dvelst hér á gjaldárinu. Á hverjum stað má þó aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem þaðan eru fengnar, eða í hlutfalli við dvöl þar.
- d. Ef maður hefur lögheimili á fleirum stöðum en einum. Aðili á þó heimting á því, að hann verði felldur af útsvarsskrá á öðrum staðnum jafnskjótt sem hann sannar, að á hann hafi verið lagt á hinum, enda hafi hann eigi krafizt þess, að hann yrði þar einnig felldur af skrá.
- e. Þar skal leggja á erlend tryggingarfélag, sem aðalumboðsmaður þeirra hér á landi er heimilisfastur.

9. gr.

Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, enda á hún allt útsvarið. Þó skal skipta útsvari milli sveita:

1. a. Ef aðili rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 8. gr., a—c-liðir, eigi til, og sé atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur.
- b. Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minnsta kosti samtals 3 mánuði af útsvarsárinu.
- c. Ef rekin hefur verið utan heimilissveitar verzlun, selveiði, hvalveiði, síldar kaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuíðnaður hvers konar sem hann er, enda þótt skemur sé rekið en 4 vikur.
2. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minnsta kosti samtals 3 mánuði á útsvarsárinu í sömu sveit og hefur fengið kaup, að minnsta kosti 3000 kr., þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknað eins og skattaneftnd í þeirri sveit telur þau til tekjuskatts.
3. Ef maður er lögskráður á skip utan heimilissveitar að minnsta kosti 3 mánuði af útsvarsárinu samfleytt í sömu sveit og hefur fengið kaup, að minnsta kosti 5000 kr., þar í talin hlunnindi þau, er getur um í 2. tölulið, reiknuð eins og þar segir.
4. Ef gjaldþegn flyzt búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveimur sveitum á útsvarsárinu, en þó fær engin sveit hluta af útsvari, nema aðili hafi að minnsta kosti átt þar heima 3 mánuði á útsvarsárinu.
5. Ef erlend tryggingarfélag hafa umboðsmenn á fleirum en einum stað hér á

66
12. apríl

landi, og skal þá skipta útsvari í hlutfalli við iðgjöld þess árs af tryggingum á hverjum stað.

Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skulu fjárhæðir þær, sem um getur í 2. og 3. tölulið, hækkaðar sem nemur meðalframfærslukostnaði á skattárinu samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar.

10. gr.

Nú skal skipta útsvari eftir 9. gr. 1. tölul., og skal það þá gera með hliðsjón til eigna aðilja í atvinnusveit hans og hversu mikill hluti tekna hans sé þaðan fenginn. Ef svo er ástatt, sem í 9. gr. 2. og 3. tölul. getur, þá skal skipta útsvari með hliðsjón af því, hversu mikill hluti af tekjum gjaldþegns stafar frá atvinnu hans í atvinnusveit. Þó skal heimilissveit aðilja aldrei fá minna en $\frac{1}{3}$ hluta af útsvari hans.

Þegar svo er farið, sem í 9. gr. 4. tölul. segir, skal skipta útsvari í hlutfalli við þann tíma, er aðili hefur átt heima eða dvalizt í hvorri eða hverri sveit.

11. gr.

Öllum þeim, er í 8. gr. a. og b. og 9. gr. segir, er skylt að senda sveitarstjórn í atvinnusveit eða dvalarsveit skýrslu um atvinnu sína þar og dvöl, eignir sínar þar og tekjur, atvinnutíma og dvalartíma o. s. frv., eftir því sem við á, þeim, er í 8. gr. getur, fyrir febrúarlök, en hinum áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni.

Öllum þeim, er hafa í þjónustu sinni utansveitarmenn, er skylt að senda sveitarstjórn sinni fyrir hver áramót skrá yfir þá með þeim upplýsingum, er í 1. málsg. getur. Atvinnumálaráðherra getur lagt dagsektir við, ef á brestur.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um eyðublöð undir skýrslur þessar og annað, er að þessum atriðum lýtur, enda er honum heimilt að setja reglur um dagsektir, ef brestur verður á skýrslum.

12. gr.

Ef útsvör verða talin hlutfallslega hærri, svo að nema 10% eða meira, í heimilissveit gjaldþegns en atvinnusveit, og útsvörum á að skipta milli þeirra, skal draga frá þeim hluta útsvara, er gjalda skal atvinnusveit, þá upphæð, sem ætla má, að aðili mundi minna hafa goldið, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit, enda skal heimilissveit hans endurgjalda honum þá upphæð. Með samsvarandi hætti skal bæta við þann hluta, er greiða skal atvinnusveit, ef útsvör þar verða talin hlutfallslega hærri, svo að 10% eða meira nemi, en í heimilissveit, enda greiði aðili þá heimilissveit það, er á vantar. Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn flyzt búferlum milli sveita eða á lögheimili víðar en í einni sveit, þó svo, að ef útsvör eru hærri í þeirri sveit, sem í er flutt, getur niðurbjöfnunarnefnd þar jafnað útsvarsaukanum á gjaldþegn með aukaniðurbjöfnun.

13. gr.

Útsvar, sem ekki nemur meiru en 20 krónum, fellur alltaf óskipt til heimilissveitar gjaldþegns.

Ef upphæð sú, er greiða skyldi af einstöku útsvari, nemur ekki 5 krónum, þá fellur útsvar þar óskipt til heimilissveitar gjaldþegns.

14. gr.

Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrár yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annarri sveit, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur og eignir þar í sveit, vinnutíma og dvalartíma o. s. frv. Sendir sveitarstjórn síðan skrárnar til viðkomandi sveitarstjórna. Sveitarstjórnir

senda hver sína skrá að lokinni aðalniðurjöfnun til viðkomandi yfirskattanefndar með athugasemdum sínum, og skiptir hún síðan útsvörum innan tveggja mánaða, nema skipti verði að dragast lengur vegna nýrra upplýsinga.

Skjóta má málum þessum til ríkisskattanefndar.

15. gr.

Sveit, þar sem á aðilja er lagt, greiðir atvinnusveit þann hluta af útsvörum, er henni ber, 2 mánuðum eftir að skipti á útsvörum hafa farið fram samkvæmt 14. gr. 1. málsg. nema sannað sé með árangurslausu lögtaki eða með öðrum hætti, er atvinnumálaráðherra metur, ef ágreiningur verður, að útsvar sé ófáanlegt. Ef útsvar heimtist síðar, skal það af því gjalda, er eftir stóð.

IV. KAFLI

Um niðurjöfnun útsvara.

16. gr.

Utan kaupstaða jafnar hreppsnefnd niður útsvörum.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf í hreppum, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Þóknun þessi greiðist úr hrepps-
sjóði.

17. gr.

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hluthundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skytt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskytt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar, sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizku-semi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

18. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal eiga aðgang að framtölum manna til tekjuskatts og eignarskatts. Einnig er henni rétt að krefja aðilja skýrslna um sérhvað það, er hún telur skipta máli um útsvar hans.

Alla þá, er veita öðrum atvinnu, svo og banka og sparisjóði, getur nefndin krafði skýrslna um kaup vinnuþiggjanda og innieign í sparisjóði eða banka. Stjórnarvöldum er skytt að veita nefndunum upplýsingar eftir þörfum og eftir föngum. Nú er skýrslu samkvæmt þessari málsgrein haldið fyrir nefndinni, og skal þá atvinnumálaráðherra, ef nefndin krefst þess, leggja fyrir aðilja, að viðlögðum dagsektum, að svara skýrslunni, ef ráðuneytið telur hann geta það og vera það skytt. Þessi atriði verða ekki borin undir dómstóla.

Niðurjöfnunarnefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum

- 66** almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi
12. apríl mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag gjaldþegna.

19. gr.

Nefndin gerir skrá yfir alla þá, er hún leggur útsvör á, í stafrófsröð eða eftir boðleið, og útsvarshæð fyrir aftan hvert nafn, enda skal nefndin undirrita skrána, þá er henni er lokð.

20. gr.

Niðurfjöfnunarnefnd er ályktunarfær, ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skytt er öllum nefndarmönnum að greiða atkvæði, nema mál varði sjálfa þá, maka þeirra, frændur þeirra að feðgatali eða niðja eða systkin og jafnnána að mægðum. Afl atkvæða ræður úrslitum. Nú eru atkvæði jöfn, og skal þá sá hlutinn ráða, sem formaður fylgir.

Hjón mega aldrei sitja saman í niðurfjöfnunarnefnd né foreldrar og börn.

21. gr.

Aðalniðurfjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar—maí, að báðum mánudum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Þó getur atvinnumálaráðuneytið heimilað hreppsnefnd, eftir beiðni hennar, að láta aðalniðurfjöfnun útsvara fram fara síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því. Útsvarsskrá skal liggja frammi á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað í hreppnum, en í kaupstöðum í skrifstofu bæjargjaldkera eða öðrum hentugum stað, 4 vikur í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum, enda skal auglýsa framlagning skrár í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

22. gr.

Rétt er manni að finna að útsvari sínu eða að því, ef honum hefur verið sleppt af skrá, eða að útsvör annarra manna séu of lág, samanborið við hans, eða að öðrum mönnum hafi verið sleppt af skrá. Kærur skulu bréflugar vera, stílaðar til niðurfjöfnunarnefndar og komnar í hendur formanni hennar áður liðinn er sá tími, er niðurfjöfnunarskrá á að liggja frammi. Skal nefndin úrskurða kærur svo fljótt, sem unnt er, og ekki síðar en 14 dögum eftir kærufrest. Nefnd er heimilt að breyta útsvörum bæði til hækkunar og lækkunar, enda hafi aðilja verið send tilkynning um það, að annar gjaldandi hafi borið sig saman við hann, eða að nefndin hafi í hyggju að hækka útsvar hans, enda þótt enginn gjaldenda hafi borið sig saman við hann. Enn fremur er heimilt að hækka útsvar kæranda, enda þótt hann hafi kært það til lækkunar, enda hafi honum verið sú fyrirætlun tilkynnt og honum gefinn kostur á að gæta réttar síns.

Nefndin skal jafnan, svo fljótt sem þess er kostur, senda aðilja tilkynning, ef hún tekur mann á skrá samkvæmt kæru eða breytir útsvari manns eða kæru hans er ekki sinnt.

Ef útsvari manns er breytt samkvæmt þessari grein, er honum heimilt að kæra það fyrir yfirséttarnefnd, enda þótt hann hafi ekki kært til hreppsnefndar eða niðurfjöfnunarnefndar.

23. gr.

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurfjöfnunarnefndar, og er honum þá rétt að bera málið til úrskurðar fyrir viðkomandi yfirséttarnefnd, enda sé kæran komin í hendur formanns yfirséttarnefndar áður liðnar séu 4 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum og 2 vikur í kaupstöðum. Yfirséttarnefnd úrskurðar kærur á næstu tveim vikum, frá lokum kærufrests talið, nema draga verði úrskurð af því að afla þurfi frekari upplýsinga. Niðurfjöfnunarnefnd lætur yfirséttarnefnd í té

útsvarsskrá eða eftirrit af henni. Fyrimæli 18. og 22. gr. taka og til yfirska- 66
nefndar, enda er hreppsnefnd og niðurjöfnunarnefnd skylt að veita yfirska- 12. apríl
upplýsingar um útsvarsálagning sína eftir föngum.

Yfirska- nefnd fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt þessum lögum, og skal reikna hana eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þóknun greiðist úr sýslu-
sjóði eða bæjarsjóði.

Ef ágreiningur verður um þóknun yfirska- nefndar, þá sker atvinnumála-
ráðherra úr.

24. gr.

Sá gjaldandi og sú sveitarstjórn, er ekki vill hlíta úrskurði yfirska- nefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisska- nefndar. Ríkisska- nefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisska- nefnd hefur sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirska- nefnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirska- nefndar hefur gengið um og síðan hefur verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisska- nefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

25. gr.

Aukaniðurföfnun fer fram í lok júní, september og desember ár hvert. Sveitar-
stjórn getur vikið frá þessum ákvæðum eftir þörfum. Þá skal leggja útsvör á þá:

1. Er teknir skyldu hafa verið á aðalskrá, en hefur verið sleppt.
2. Er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts voru að verulegu leyti ófullnægjandi eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra.
3. Er útsvarsskyldir hafa orðið síðan aðalniðurföfnun fór fram og leggja skal á í þeim hreppi eða kaupstað, sbr. 6. gr. B. 1—2.
4. Er flutzt hafa búferlum á gjaldárinu, en eigi var lagt á þá útsvar í fyrri heim-
ilissveit þeirra.

Skrá skal gera með sama hætti sem aðalskrá. Um framlagning hennar, kærur og úrskurði fer með sama hætti sem fyrr segir um aðalniðurföfnun.

26. gr.

Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sinnt. Ekki má yfirska-
nefnd eða ríkisska- nefnd heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minnsta kosti 10% of hátt eða of lágt.

V. KAFLI

Um gjalddaga útsvara, ábyrgð á þeim, innheimtu o. fl.

27. gr.

Gjalddagar útsvara eftir aðalniðurföfnun skulu vera tveir. Í hreppum skal greiða annan helming útsvara 15. júlí, en hinn helminginn 15. október. Í kaup-
stöðum skal greiða annan helming útsvara fyrsta virkan dag næsta mánaðar eftir lok niðurföfnunar, en hinn helminginn 1. september. Eigi getur gjaldandi vegna kæru eða áfrýjunar losast undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en verði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiddur honum. Nú er heimilað að jafna síðar niður en 15. júlí, sbr. 21. gr., og ákveður þá hreppsnefnd gjalddaga.

Eindagi útsvara eftir aukaniðurföfnun fer eftir ákvörðun niðurföfnunar-
nefndar, en má þó ekki síðar vera en 1. október, ef útsvar var lagt á fyrir þann dag, en ella ekki síðar en 31. desember.

66 Eindagi á öllu útsvari erlendis búsettra gjaldþegna (6. gr. B. 1—3) skal ávallt 12. apríl vera sá dagur, er útsvarsálagningu á þá er hverju sinni lokið.

28. gr.

Hreppsnefndum og bæjarstjórnnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en 27. gr. segir, eftir þessum reglum:

- a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}\%$ vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.

- b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun að frádregnu því, sem greiða ber samkv. a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þennan hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.
- c. Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.
- d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkv. þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að niðurjöfnun er lokið.

29. gr.

- a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 27. eða 28. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.
- b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt tvírtaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til bæjar- eða hreppssjóðs.
- c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þókn.

- unar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
- d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða öðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.
- e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
- f. Til lúkingar greiðslum samkv. e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{5}$ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{3}$. Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífþörfum hans, að dómi framfærslunefndar.
- g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi.
- Sveitarstjórn getur krafist um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.
- h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verka-fólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaup þega að taka, áður en til útborgunar kemur.
- i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan sex virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatt á hverjum stað.
- j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafinn útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.
- k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafist hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.
- l. Ef kaupgreiðandi
1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
 2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkv. þessari grein,
 3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
 4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið, þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvars-

66
12. apríl

gjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.

Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

30. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 29. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafist útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

31. gr.

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda húi þau saman, þegar niðurfjöfnun fer fram.

32. gr.

Umboðsmaður erlends tryggingarfélags ber ábyrgð á útsvari þess, eins og það væri sjálfs hans útsvar.

Kaupgreiðandi þeirra, er í 6. gr. B 1 getur, ábyrgist sem sjálfs sín útsvarsskuld útsvar slíkra manna án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi, er hann geldur, fjárhæð, er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo fljótt sem unnt er.

Eignir erlendis búsetts atvinnurekanda, þær, er hann á hér á landi, skulu vera að lögveði til tryggingar útsvari, sem lagt er á hann hér á landi, næst á eftir sköttum, er á þeim kunna að hvíla til ríkissjóðs Íslands, enda má kyrrsetja þær til tryggingar útsvarsgreiðslum, án þess að beiðandi þurfi að setja trygging, og halda kyrrsetningarmáli til laga fyrir bæjarþingi eða aukarétti á kyrrsetningarvarnarþingi.

33. gr.

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða hreppsjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

34. gr.

Útsvör og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við ákvörðun útsvarsskyldra tekna skal draga frá hreinum tekjum þeirra, er hlunninda njóta vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkvæmt 2. efnismálgrein 3. gr. l. nr. 20 1942, sbr. b- og g-lið 14. gr. sömu laga, þá fjárhæð, sem lögð hefur verið í sjóðinn á því ári.

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við útsvör, sem lögð eru á tekjur ársins 1944.

Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.